

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914.

75

12. ágúst

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fjárhagsörðugleika síldveiðiflotans sakir aflabrests á yfirstandandi síldarvertíð, sé mjög erfitt að fá keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum, verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 12. ágúst 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

Stjórnartíðindi 1950, A. 11.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

76

19. ágúst

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem síldveiðin hefur brugðizt það sem af er þessu sumri og það sé sjötta sumarið í röð, sem síldveiði bregst, beri brýna nauðsyn til að veita útvegsmönnum fjárhagslega aðstoð nú þegar til að koma í veg fyrir, að þeir neyðist til að hætta veiðum. Enn fremur að lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48 25. maí 1949, séu nú komin til framkvæmda og sé eðlilegast að sjóðurinn leysi vandræðin eftir því, sem hann hafi fjárhagsgetu til. Handbært fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs sé nú um 490000 kr., en auk þess eigi síldveiðideildin að fá síðar 2500000 króna stofnfé, sbr. 12. gr. laga nr. 22/1950, og að samkvæmt niðurlagi 10. gr. laga nr. 48/1949, um hlutatryggingasjóðinn, megi aldrei skerða stofnfé hans. Þar sem brýna nauðsyn ber til þess,

76  
19. ágúst

að sjóðurinn veiti aðstoð á þessu ári, verður ekki komizt hjá því að heimila að skerða stofnfé síldveiðideildarinnar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þó er sjóðstjórninni heimilt á árinu 1950 að skerða stofnfé síldveiðideildar að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

77  
19. ágúst

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast bráðabirgðalán til útgerðarmanna, sem síldveiðar stunda í ár.

Sökum þess, að síldveiði hefur enn brugðizt í sumar fram að þessu, og hætta er á, að hún stöðvist alveg vegna erfiðleika sildarútgerðarmanna á að greiða kaup háseta og nauðsynjar til útgerðarinnar, hefur ríkisstjórnin leitað til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. um lánveitingu að fjárhæð allt að kr. 2250000.00 í þessu skyni, og verði lánin tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs.